



Framkvæmda- fréttir 33. tbl. /06



Arnarhólslækur. Teikning eftir korti sem Rasmus Lievog, konunglegur stjórnumeistari, gerði af kaupstaðarlóðinni og hjáleigum Víkurjarðarinnar 1787. Eina brúin á Arnarhólslæk ári eftir að Reykjavík hlýtur kaupstaðarréttindi er á leiðinni heim að tveimur þeirra, Stöðlakoti (Stuðlakoti) og Skálholtskoti, sem aukið var við kaupstaðarlóðina nokkrum árum síðar. Mynd og texti úr bókinni „Brýr að baki“.

„Brýr að baki“, saga brúargerðar á Íslandi

Undanfarin ár hefur Verkfræðingafélag Íslands hefur staðið fyrir útgáfu á ritröð sem fjallar um um yfirgripsmikið framlag verkfræðinga og tæknifræðinga til framfara á Íslandi fram að árhúsundaskiptum.

Í byrjun janúar kemur fjórða bókin út, saga brúargerðar á Íslandi, en hún er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og VFÍ. Höfundur er Sveinn Þórðarson sagnfræðingur sem er lesendum fyrri bóka í ritröðinni að góðu kunnur fyrir vandaðan, lipran og skemmtilegan stíl. Bókin er vönduð að gerð, um 400 blaðsíður, prýdd 320 myndum sem margar hafa aldrei birst áður.

Í ritnefnd sátu Einar Hafliðason formaður, Ríkharður Kristjánsson og Pétur Ingólfsson.

Þeir sem vilja kaupa bókina til jólagjafa geta fengið gjafabréf -með forsíðu bókarinnar og formála- þar að lútandi og bókina síðan senda á viðkomandi þegar hún kemur út.

„Brýr að baki“ kostar 4.900 kr. á skrifstofu VFÍ, en 4.400 kr. ef keypt eru 5 eintök eða fleiri. Hægt er að pantabókina með því að hringja eða senda tölvupóst til Verkfræðingafélagsins.

Hér á næstu opnu er birtur hluti þriðja kafla bókarinnar sem fjallar um fyrstu brýr í Reykjavík.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 33. tbl. 14. árg. nr. 454 18. desember 2006

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsfrankvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

III. Reykjavíkurbýr

Arnarhólslækur í Reykjavík

Landsnefndin síðari hafði til athugunar margs kyns málefni sem vörðuðu framfarir og viðreisn Íslands, meðal annars verslunina, og gaf út það álit að stefna bæri að verslunar-frelsi. Fyrst yrði þó að leggja hornstein að kaupstöðum í landinu. Lagði hún því til að stofnaðir yrðu kaupstaðir á fimm stöðum, í Reykjavík og Grundarfirði, á Ísafirði, í Eyjafirði og á Reyðarfirði. Þá hreyfðu nefndarmenn þeirri hugmynd að Reykjavík yrði höfuðstaður landsins, þangað flytti Skálholtsbiskup og skóli staðarins en bærinn hlýti nýtt nafn, Kristjánsvík, konungi til heiðurs. Til að tryggja enn frekar að ekki fyrndist yfir nafn konungs þótti þeim vel til fallið að Eyjafjörður skipti líka um nafn og hétu eftirleidis Kristjánsfjörður.¹

Árið 1771 hljóðnuðu hamarshöggin í nýju tyftunarhúsi landsins á Arnarhóli. Smíði þess var lokið. Þegar stiftamtmaður tók sér þar bólfestu 1819 var það kallað Kóngsgarður, síðar fékk það nafnið Landshöfðingjahús en kallast nú Stjórnarráðshús.²

Reykjavík hlaut kaupstaðarréttindi árið 1786. Sama ár voru stofnaðir kaupstaðir á fimm öðrum stöðum, í Grundarfirði, á Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og í Vestmannaeyjum. Þetta sama ár var birt konungleg auglýsing þess efnis að einokunarversluninni yrði brátt aflétt. Þá hafði verið afráðið að hvort tveggja, biskupssetrið í Skálholti og skóli staðarins, yrði flutt til Reykjavíkur. Næstu árin fluttist þangað öll umboðsstjórn konungs sem til þessa hafði verið tvíst og bast um landið. Reykjavík verður einnig miðstöð verslunar og vöxtur hleypur í þennan höfuðstað landsins.³

Jafnskjótt og tókin linuðust á einokunarversluninni tók byggðin að fikra sig austur með sjónum frá Aðalstræti í áttina að Arnarhólslæk en hann afmarkaði í fyrstu kaupstaðarlöðina að austan. Hann var hins vegar ógreiðfær yfirferðar og breiddi sums staðar úr sér. Stundum flóði hann yfir bakka sína, vatnskrapi sytraði yfir Austurvöll og Kirkjubrú og tók mönnum í hné og klyftir og dómkirkjan nýja var umflotin vatni. Verslun heimtar greiðar samgöngur og Arnarhólslækur var fyrsti farartálminn austur úr bænum. Niður við lækjarósinn var að vísu vað en það var einungis fært ríðandi mönnum.⁴

Í vaxandi bæ varð ekki undan því vikist að brúa lækinn. Og brýrnar, sem ráðist var í að gera, marka að sínu leyti nýtt upphaf í brúarsmíðum á Íslandi. Í fyrstu var efniviðurinn einvörðungu tré, síðan bættist við höggvinn steinn og loks efni framfjarinnar, steinsteypa. Reykjavík teygði sig brátt austur

yfir Arnarhólslæk og verslunin með bættum samgöngum smám saman allar götur austur yfir fjall.

Þar sem nú er Bóklöðustígur var brú á leiðinni að tveimur hjáleigum Víkurjarðarinnar, Stöðlakoti og Skálholtskoti. Hún var kölluð Skálholtskotsbrú.⁵ Hún hefur verið elst, er eina brúin á læknum á Reykjavíkarkorti sem hinn konunglegi stjórnmeistari Lievog gerði árið 1787.⁶

Á korti frá 1801 eru hins vegar fjórar brýr á læknum.⁷ Auk Skálholtskotsbrúar er brú við stíginn sem lá upp að þinghúsi bæjarins og Þingholt draga nafn af. Sú brú var á svipuðum slóðum og Amtmannsstígur er nú. Brú er yfir lækinn að tukhúsinu og loks er brú við Arnarhólstraðir þar sem var alfaravegur úr bænum og heim að bænum sjálfum. Sú leið var hins vegar tekin af. Stígurinn sunnan við Kóngsgarðinn tók við af henni og breið og sterk trébrú var sett þar yfir lækinn. Knudtzon kaupmaður lét reisa brauðgerðarhús sunnanvert við stíginn árið 1835 og fékk þangað þýskan bakara, Bernhöft að nafni. Stígurinn dró nafn af iðn Bernhöfts og var ýmist kallaður Bakarastígur eða Bakarabrú. Brúin var einnig kölluð Bakarabrú en annað nafn á henni var Lestamannabrúin. Það nafn dró hún af hestalestum bænda í kaupstaðarferð.⁸

Stefán Gunnlaugsson sýslumaður og síðar bæjarfógeti reisti sér íbúðarhús suður af brauðgerðarhúsunum og vildi fá stíg þangað heim á kostnað bæjarins. Þegar það mál kom til umræðu á borgarafundi 1839 þótti sumum borgurum sér misboðið og hurfu af fundi. Þeir sem eftir sátu töldu að ódýrast væri að setja „gömlu brúna“ á lækinn syðst í löðinni og leggja síðan stíg frá henni upp að húsi sýslumanns. „Gamla brúin“, sem þá lá á lausu eins og segir í fundargerð, var annaðhvort brúin við Arnarholtstraðir eða brúin sem áður var á stígnum upp að þinghúsinu. Eftir þetta var hún kölluð Gunnlögssensbrúin.⁹

Allt voru þetta trébrýr. Tvær af þeim brúm, sem enn átti eftir að setja yfir lækinn, voru hins vegar gerðar af höggnum steini, steinbogar eða bogabrýr eins og Rómverjar hinir fornu reistu, einu brýrnar af því tagi á Íslandi.

„Skólabrúin dýra“

Önnur bogabrúin var fyrir neðan hið nýja hús latínuskólans en bygging þess hófst 1844. Til að reisa skólahúsið komu hingað tveir norskir trésmiðir og norskur múrari sem jafnframt

1 Sbr. Lovsamling for Island IV, 40–41.

2 Sbr. Einar S. Arnalds 1989, 30.

3 Sbr. Jón Helgason: „Reykjavík í reifum.“ Þættir úr sögu Reykjavíkur 1936, 1–3.

4 Árni Óla: „Hurðin hvarf af skólabrúnni.“ Lesbók Morgunblaðsins. XXXIII 1958, 652.

5 Sbr. Georg Ólafsson: „Úr byggingasögu Reykjavíkur.“ Þættir úr sögu Reykjavíkur, 1936, 30.

6 Einar S. Arnalds 1989, 19.

7 Einar S. Arnalds 1989, 19, 23, 30.

8 Sbr. Bæjarstjórn í mótun 1971, 481, 465; Árni Óla 1950, 77; „Ingólfsbær.“ Ingólfur I 1853, 34; sbr. enn fremur 24.

9 Bæjarstjórn í mótun 1971, 45; Georg Ólafsson: „Úr byggingasögu Reykjavíkur.“ Þættir úr sögu Reykjavíkur, 1936, 31–32.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng II. desember 2006.



Stólþabrúin við Landshöfðingjahús. Myndin er tekin á frídegi verslunarmanna árið 1895. Trampe greifi lét setja brúna á lækinn skömmu fyrir miðja öldina og voru á henni „tveir stólpar allfagrir og hurdir á milli; það er ekki ósvipað sáluhliðum Íslendinga“. Magnús Stephensen lét gera við hana nokkrum sinnum meðan hann gegndi embætti landshöfðingja. Fimm árum eftir að þessi mynd var tekin lét hann smíða nýja brú á þessum stað enda sú gamla orðin svo feygð að ekki var unnt að lappa lengur upp á hana. Smíðir voru Erlendur Árnason og Þorsteinn Tómasson. Á myndinni má enn fremur sjá litla brú yfir lækinn út á Kalkofnsveg.

var steinhöggvari. Hann hlóð grunninn undir húsið sem var komið undir þak í nóvember. Sökum myrkurs var ekki hægt að ljúka því sem eftir var inni án lýsingar en ekki þótti hættandi á að láta lítt vana verkamenn vinna þar með logandi ljós sér við hlið. Veturinn 1845 var því hafist handa við að sprengja grjótið í brúna og jarðþrep framán við skólann ofan við flötina sem hallaði niður að læknum. Grjótið var jafnharðan höggvið til og brúin hlaðin.¹⁰ Kostnaður við hið nýja skólahús fór úr böndunum af ýmsum ástæðum og það átti einnig við um kostnað við brúna. Því var hún kölluð „skólabrúin dýra“.¹¹

Nafnið Skólabrú á raunar ekki alltaf við brúna sjálfa heldur slóðann frá skólanum niður undir dómkirkju eða stígin frá læknum upp að skólahúsinu. Í Ingólfi 1853 er steinboginn kallaður Skólabrú.¹² Í Þjóðólfi 1867 segir að norski múrarinn

hafi lagt „brú niður undir kirkjuna“.¹³ Benedikt Gröndal, sem réðst sem kennari við skólann 1874, segir að gangstígurinn frá læknum upp að skólanum hafi borið þetta nafn og lýsir honum nokkrum orðum. Hann var „alræmdur“ að sögn Gröndals, tíðum „illfær á vetrum í hálfu og stormi, en engar grindur utan með til stuðnings og mun þetta gert eftir reglunni „per ardua ad astra“;“ þ.e. enginn verður óbarinn biskup. Yfir lækinn var „steinbrú“ og „ómerkilegt hlið á,“ segir Gröndal enn fremur.¹⁴

Þó að hliðið hafi verið „ómerkilegt“ í augum Gröndals markaði það í raun réttari skil milli tveggja heima, Reykjavík snauðra tómtúsmanna og Reykjavík embættis- og kaupmanna. Yfir brúna áttu sauðsvartir almúgamenn sjaldan erindi. Sama átti við um brúna fyrir framán Kóngsgarðinn, Stólþabrúna eins og hún var kölluð. Á henni voru grindur og

10 Lovsamling for Island XIII, 248.

11 Sbr. „Um lærða skólann.“ Íslendingur 1864 IV, 27.

12 „Ingólfsbær.“ Ingólfur I 1853, 34.

13 „Aðsent.“ Þjóðólfur XIX 1867, 59.

14 Benedikt Gröndal: „Reykjavík um aldamótin 1900.“ Eimreiðin VI 1900, 81.



Búið er að sprengja 522 m í Siglufirði og 240 m í Ólafsfirði. Samtals er búið að sprengja 762 m.

Þegar hurðin hvarf af Skólabrúnni

Á Þorláksmessukvöld 1856 bar svo við að einn af nemendum prestaskólans átti leið yfir Skólabrú drukkinn. Sá var annálaður fyrir krafta og hafði engar vöflur á þegar hann kom að hliðinu heldur svipti öðrum hurðarvængnum af hjörum og tók hann með sér. Þegar hann var kominn að lyfjabúðinni við Austurvöll lét hann byrði sína falla og hélt síðan áfram för sinni. Út af þessu tiltæki varð að vonum nokkur rekistefna af hálfu bæjarfógeta enda kærði rektor Lærða skólans verknaðinn. Lögregluþjónar bæjarins fundu hurðarvænginn daginn eftir. Hann komst á sinn stað og reyndist óskemmdur. Sést hafði til ódæðismannsins en betur fór fyrir honum en á horfðist því að honum virðist ekki hafa verið refsað fyrir þessa yfirsjón.

(Árni Óla: „Hurðin hvarf af skólabrúnni.“ Lesbók Morgunblaðsins XXXIII 1958, 651–653).

háir og miklir stólpur en sterk vængjahurð lokaði leiðinni til fulltrúa konungsins á Íslandi, stiftamtmanns og síðar landshöfðingja.¹⁵ Svipað hlið var sett á Gunnlögssensbrúna.

Talið er að sement hafi fyrst verið notað við húsasmíðar hér á landi þegar ráðist var í umbætur á dómkirkjunni í Reykjavík 1847.¹⁶ Víst er að sement ásamt kalki var meðal efnis sem flutt var til Reykjavíkur 1844 þegar hafist var handa við að hlaða grunn Lærða skólans.¹⁷ Hvort eitthvað af því var notað við það verk skal látið ósagt en ætla má að það hafi verið notað við brúarsmíðina. Liðlega tuttugu árum síðar var samið við Sverri steinhöggvara Runólfsson um að gera steinboga yfir lækinn í stað trébrúarinnar neðst á Bakarastíg. Í samningnum segir meðal annars að frágangurinn „á steinboganum og undirstöðu hans áskilur bæjarstjórnin að verði allur hinn sami með reglulega höggnum steinum og annarri vöndun verksins og traustleika eins og steinboginn undir skólabrúnni“. Þá er

enn fremur tekið fram að til múrverksins skuli „brúka vandað cement og ekki kalk“.¹⁸ Ekki er ólíklegt að þetta ákvæði í samningnum sé einmitt til komið vegna þess að þannig hafi verið að verki staðið við Skólabrúna.

Steinboginn við Bakarastíg

Sverrir Runólfsson hafði numið iðn sína í Danmörku. Hann kom heim 1860 og var einn helsti verktakinn við ýmsar framkvæmdir í Reykjavík næstu árin, gerði „við rennur með sínu lagi og við götur og vegi bæði í Reykjavík og í sýslunni og þar með steinboga yfir lækinn í Reykjavík við hvor verk flest hann mætti ólempni bæjarstjórnarinnar þar svo furðu gegndi en kom þó öllu sínu fram,“ segir hann í ævisögu sinni.¹⁹

Óvíst er hvort hugmyndin um steinbogann hefur verið runnin undan rifjum Sverris sjálfs. Haustið 1865 ritaði hann Óla P. Finsen bæjarfulltrúa bréf og bauðst til að leggja sjö álna eða um 4,4 metra breiðan múraðan steinboga með steinveggjum á báðum köntum „í stað gitterverks“, þ.e. rimla, yfir lækinn á alfaraveginum upp á Bakarastíginn og kæmi steinboginn í staðinn fyrir trébrúna sem þar var þá. Þetta orðalag, „í stað gitterverks“, gæti bent til þess að einhver bæjarfulltrúanna, ef til vill Óli P. Finsen sjálfur, hafi ámað það við Sverri að hann tæki að sér að gera steinboga með „gitterverki“ yfir lækinn. Kostnaðurinn gerði Sverrir ráð fyrir að yrði allt að þrjú hundruð ríkisdalir en þetta sama ár námu áætlaðar tekjur bæjarins um tólfaldri þeirri upphæð. Hér var því í mikið ráðist. Trébrúin var hins vegar orðin hrörleg enda þarfnaðist hún „aðalaðgjörðar“ þegar hér var komið sögu.²⁰

Málið var rætt á fundi bæjarstjórnar. Þó að bæjarfulltrúum þætti margt óljóst í tilboði Sverris vildu þeir ekki með öllu varpa fyrir róða „hugsuninni með múraða steinbogabru í stað trébrúar“. Þeir fólu því einum úr sínum hópi, Jóni Guðmundssyni ritstjóra Þjóðólfs, að semja við Sverri en einkum þó að setja honum ýmis skilyrði sem þeim þótti nauðsyn

18 Þ. í. Bæjarfóg. Rvík XXX nr. 13. Dánarbú. Eftirrit af samningi, dags. 13. nóv. 1865.

19 Þ. í. Bæjarfóg. Rvík XXX nr. 13. Dánarbú. Æfísaga Sverris steinhöggvara Runólfssonar, 10.

20 Sbr. Bæjarstjórn í mótun 1971, 323.

15 „Ingólfsbær.“ Ingólfur I 1853, 34.
16 Sbr. Lýður Björnsson 1990, 42–43.
17 Lovsamling for Island XIII, 250.



Steinbogi Sverris Runólfssonar, borðviður fluttur í klyfjabandi yfir hann. Það var fyrst eftir að akfærir vegir og brýr komu að hægt var að nota kerrur og losna við flutninga af þessu tagi.

bera til að sett væru, gera með öðrum orðum við hann verk-samning, semja verklýsingu til að vinna eftir og setja ákvæði um verklok en allt var þetta eitt og sama plaggið.

Steinbogabrúin skyldi vera sjö álna breið (þ.e. um 4,4 m) með traustri og múraðri undirstöðu, segir í verksamningnum og boginn svo hæfilega upphafinn og hvelfdur að hvirfill hans að neðanverðu væri að minnsta kosti sex þumlungum hærrí en bitarnir í trébrúnni í beinni línu frá botni lækjarins. Í stað steinveggja á báðum köntum eins og Sverrir lagði til vildu bæjarfulltrúarnir að kæmu fjórir stólpar úr höggnum steini með hæfilegri hæð, sinn á hverju brúarhorni og þannig um búíð að járnteinn yrði þar í festur sinn hvorum megin en holur höggna í steinbogakantinn, tvær hvorum megin milli stólpanna, og járnstólpar festir í með renndu blýi um kring.

Fyrir þetta verk var bæjarstjórnin reiðubúin að greiða þrjú hundruð ríkisdali alls en í þeirri greiðslu skyldi fólgið „allt efni, er verk þetta útkrefur, að því er áhrærir grjót og cement, og vandaða uppfyllingu aftan á steinbognum sjálfum, sömuleiðis öll verk, er að þessu líta, hverju nafni sem nefn-

ast, og sömuleiðis öll tól og áhöld, er þar til útheimast, þar á meðal allt tréverk (stillads), bæði að efni og smíði til þess að mynda steinbogann og halda honum uppi, uns hann er fullgjörður. Þér múrmeistarinn getið því ekki átt neinn aðgang að bæjarstjórninni um neina sérstaka borgun, eða aukaborgun fyrir neitt þess leiðis“.

Verklok miðuðust við tíunda dag frá komu póstskeipsins í annarri ferð sinni hingað vorið 1866 en gert var ráð fyrir að það kæmi í maíbyrjun. Skyldi hin nýja steinbogabrú þá vera alfær yfirferðar. Þriðjung upphæðarinnar átti Sverrir að fá í hendur fyrir áramót, „ef þá er grjótaðdrætti öllum lokið til staðarins að mestu eður öllu,“ segir í verksamningnum. Á hinn bóginn var bæjarstjórnin skyldug til að vera búin að láta nema burtu trébrúna á læknum og slá upp varabrú eða lausa-brú ferðamönnum til yfirferðar, allt á kostnað bæjarsjóðsins, á tíunda degi frá því að Sverrir gerði kröfu um það til bæjarfógeta.

Í síðari hluta kaflans segir frá viðskiptum Sverris við bæjarstjórnina og verklokum við gerð steinbogans.

Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná

Tilboð opnuð 11. desember 2006. Bygging 14,5 km kafla Djúpvegur, frá Rauðagarði á Reykjanesi að Hörtná vestan Mjóafjarðar. Innifalið í verkinu er m.a. að gera fyllingu á Mjóafjörð og Reykjafjörð og byggja þrjár brýr, 130 m stál-

Helstu magntölur eru:

Vegagerð

Efnisvinnsla	35.200 m ³
Sprengingar	360.000 m ³
Undirbygging	540.000 m ³
Neðra burðarlag	66.000 m ³
Efra burðarlag	30.000 m ³
Klæðing	113.000 m ²
Rofvarnir	57.500 m ³
Frágangur fláa	400.000 m ²

Brú á Reykjafjörð

Vegrið á brú	120 m
Gröftur fyrir sökklum.	1.300 m ³
Mótafletir	1.166 m ²
Steypustyrktarjárn	33.160 kg
Spennt járnalögn	8.600 kg
Steypa	540 m ³
Legur	6 stk.

Brú á Vatnsfjarðarós

Vegrið á brú	20 m
Gröftur fyrir sökklum.	900 m ³
Mótafletir	699 m ²
Steypustyrktarjárn	14.100 kg
Steypa	164 m ³

Brú á Mjóafjörð


Vegrið á brú	260 m
Gröftur fyrir sökklum.	1.200 m ³
Mótafletir	1.400 m ²
Steypustyrktarjárn	105.100 kg
Steypa	853 m ³
Forsteyptar plötur	1.201 m ²
Smíði og uppsetning boga	146,6 tonn
Smíði og uppsetning stálbita	172,0 tonn
Smíði og uppsetning hengistanga	18,7 tonn
Stálvirki, hreinsun	1.620 m ²
Stálvirki, málnun	2.440 m ²
Stálvirki, málmhúðun	1.620 m ²
Stálvirki, heitgalvanhúðun	1.560 m ²
Legur	8 stk.

06-024

bogabrú á Mjóafjörð, 60 m spennta bitabrú á Reykjafjörð og 10 m steypa plötubrú á Vatnsfjarðarós. Verkið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Verki skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
9	Íslenskir aðalverktakar hf.	1.710.026.412	140,5	692.449
8	Eykt ehf., og Suðurverk hf.	1.344.278.583	110,5	326.701
7	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum og Elektrovod Holding as *)	1.297.867.446	106,6	280.290
6	Klæðning ehf., Kópavogi	1.280.000.000	105,2	262.422
---	Áætlaður verk- takakostnaður	1.217.043.881	100,0	199.466
5	Hagtak hf., Hafnarfirði og Articon, Færeyjum	1.212.432.299	99,6	194.854
4	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði og Glaurmur ehf., Garðabæ	1.184.715.570	97,3	167.138
3	Háfell ehf., Reykjavík	1.095.892.980	90,0	78.315
2	Ístak hf., Reykjavík	1.050.605.601	86,3	33.028
1	KNH ehf. og Vestfirskir verktakar, Ísafirði	1.017.577.810	83,6	0

*) Héraðsverk ehf. og Elektrovod Holding as skiluðu einnig inn frávikstilboðum



Útnesvegur (574)

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útboð vegagerðar á Útnesvegi (574). Skila skal tilboðum 19. desember. Verki á að vera lokið í júlí 2009. Útboðssvæðið liggur um norðvestanvert Snæfellsnes frá Háahrauni að Saxhóli. Það er innan þjóðgarðs Snæfellsjökuls og er á náttúruminjaskrá.

Endurbyggja á veginn á 16,9 km kafla með litlum breytingum á legu vegar en nokkrum lagfæringum á hæðarlegu. Vegurinn verður byggður í vegflokki C2 og í vegbreidd 6,5 m. Lagt verður bundið slitlag á veginn. Með þessari framkvæmd verður lokið við að endurbyggja Útnesveg með bundnu slitlagi.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að endurbæta veginn og að auka umferðaröryggi. Það miðast einkum við styrkingu núverandi vegar þar sem þess er þörf, að endurhanna hæðarlegu vegarins miðað við 90 km hönnunarhraða og afnema krappar beygjur.

Árstdagsumferð á Útnesvegi var um 90 bílar á sólarhring árið 2004. Sumardagsumferð var um 175 bílar á sólarhring og vetrardagsumferð 25 bílar á sólarhring. Ekki er vitað um hlutfall þungra bifreiða, en um þessa leið fara helst fólksflutningsbílar.

Núverandi vegur var ruddur með jarðýtu á árunum 1954 til 1956. Síðar var vegurinn nokkuð lagfærður og styrktur. Við hönnun nýs vegar voru skoðaðar nokkrar útfærslur á veglínunni, einkum um Purkhóla en sú leið liggur um hellasvæði og þótti ekki fært að bjóða hana sem valkost.

Settir verða áningastaðir við veginn og útskot í samráði við þjóðgarðsvörð.

Til að draga úr slyshættu verður leitast við að hafa um 5-6 metra breið öryggissvæði meðfram veginum til hvorrar handar út frá vegöxl. Með öryggissvæði er átt við tiltölulega slétt svæði (hámarksfrávik eru grjótnibbur hærri en 20 cm og



steinar, lausir, stærri en 30 cm í þvermáli). Vegfláar með halla 1:3 eða flatari teljast til öryggissvæða. Má því búast við að í flestum tilvikum þurfi ekki að grípa til aðgerða til jöfnunar svæða utan skeringarbotns eða fláafótar.

Ef grípa þarf til aðgerða innan öryggissvæða verður þess gætt að þær hafi sem minnst rask í för með sér, t.d. með því að fylla í gjótur og brjóta niður nibbur sem standa uppúr. Á þann hátt verður dregið verulega úr raski á hrauni og gróðri.

Í útboðsgögnum er greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki aðlagðar umhverfi nema í samráði við fulltrúa Umhverfisstofnunar og þjóðgarðsvörð.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður

í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Leitað verður til Umhverfisstofnunar og þjóðgarðsvarðar eftir þörfum um hvernig staðið skuli að uppgræðslu. Allur frágangur verður í samráði við Umhverfisstofnun.

Við efnistöku og frágang á námum mun Vegagerðin leitast við að halda raski á landi í lágmarki. Við frágang mun Vegagerðin styðjast við leiðbeiningar um efnistöku og frágang sem hún ásamt fleirum gaf út 2002. Þá mun Vegagerðin leita eftir samráði við Umhverfisstofnun um frekari útfærslu á vinnslu og frágangi efnistökusvæðanna.

Unnið upp úr skýrslunni: „Tilkynning vegna matsskyldu“, unnið af VSÓ ráðgjöf

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	07
06-073 Drangsnesevegur (645), Strandavegur - Drangsnese	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	07
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvvegur	07
06-026 Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir	07
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-072 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Saxhóll	04.12.06	19.12.06

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
06-024 Djúpvvegur (61), Reykjanes - Hörtná	30.10.06	12.12.06
06-074 Hringvegur (1), varnargarðar vestan Skeiðarár	20.11.06	05.12.06
06-023 Blöndudalsvegur (733), Svínvetningabraut - Blöndudalshólar	23.10.06	07.11.06
05-047 Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2	09.10.06	31.10.06

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
06-071 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri Ární Helgason ehf.	24.10.06	04.12.06
06-048 Vestfjarðavegur (60), Skálanes - Eyri KNH ehf.	28.11.06	08.12.06

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), varnargarðar vestan Skeiðarár 06-074

Tilboð opnuð 5. desember 2006. Í útboðinu felst gerð og styrking 2.400 m langa varnargarða vestan Skeiðarár. Grjót í grjótvörn skal losað í námu.

Helstu magntölur eru:

Fylling í varnargarða 25.200 m³

Grjótvörn 23.900 m³

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (bús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	84.391.700	100,0	31.464
13	Klæðning ehf., Kópavogi	80.000.000	94,8	27.073
12	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	77.000.000	91,2	24.073
11	Ístak hf., Reykjavík	75.174.399	89,1	22.247
10	S.G. vélar ehf., Djúpvavogi	73.202.500	86,7	20.275
9	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	69.624.000	82,5	16.697
8	Eining sf., Hvolsvelli	62.765.000	74,4	9.838
7	Vélgrafan ehf., Selfossi	58.687.000	69,5	5.760
6	Framrás ehf., Vík í Mýrdal	58.165.000	68,9	5.238
5	K.N.H. ehf., Ísafirði	57.097.000	67,7	4.170
4	Rósaberg ehf., Hornafirði	55.498.000	65,8	2.571
3	Suðurverk hf., Hafnarfirði	54.290.000	64,3	1.363
2	Borgarvirki ehf., Kópavogi	52.999.999	62,8	73
1	Héraðsverk ehf. Egilsstöðum	52.927.465	62,7	0



Vegaframkvæmdir í Norðurárdal í Skagafirði, 29. nóvember 2006. Myndir: Hafdís E. Jónsdóttir.